

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2006 2006030171

Með bréfi dags. 8. mars er óskað eftir umsögn embættisins um tillögu til þingsályktunar um skattaumhverfi líknarfélaga, þingskjal 795, mál 547.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að undurbúnar verði breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt með það fyrir augum að gera skattaumhverfi líknarfélaga hér á landi sambærilegt við það sem gerist í öðrum löndum.

Líknarfélög hér á landi hafa sömu stöðu og önnur félög sem starfa til almannaheilla. Þau eru skattfrjáls af tekjum sínum hvað varðar almennan tekjuskatt, greiða hins vegar skatta af fjármagnstekjum sínum og bera virðisaukaskatt eins og aðrir aðilar sem ekki eru í atvinnustarfsemi. Líknarfélög sem slík eru ekki sérgreind í skattalögum. Ríkisskattstjóri telur óheppilegt að taka upp reglur sem krefjast sérgreiningar og mismunandi meðferðar á félagasamtökum eftir eðli þeirra. Sé slík aðgreining gerð þarf hún að byggjast á skýrum málefnalegum atriðum og vera sem minnst undir mati skattyfirvalda komin.

Hvað varðar skyldu þessara félaga til að greiða fjármagnstekjuskatt er hún hin sama og gildir um aðra aðila sem ekki eru skattskyldir af starfsemi sinni. Er þarna vissulega um frávík að ræða frá þeirri almennu reglu að þessi félög séu undanþegin skattgreiðslu. Ríkisskattstjóri telur ekki rétt að endurskoðun á þeirri reglu taki aðeins til hluta hinna óskattskyldu félaga.

Hvað varðar heimild til frádráttar frá skattskyldum tekjum vill ríkisskattstjóri taka fram að slík heimild til handa einstaklingum er varhugaverð frá framkvæmdalegu sjónarmiði. Sönnun á slíkum frádráttarliðum og könnun á réttmæti þeirra kallar á framlagningu gagna og fleira sem mjög illa fellur að þeirri skattframkvæmd gagnvart einstaklingum sem mótuð hefur verið á síðustu árum.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til þess að fjölyrða um tillögu þessa.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson
ríkisskattstjóri